



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Reykjavík 23. mars 2017

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis


**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar
til Reykjanesbæjar, 135. mál**

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur borist til umsagnar erindi Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags.: 21. mars 2017, um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 135. mál.

Líkt og í tveimur fyrri umsögnum stjórnar Slysavarnafélagsins Landsbjargar um sama mál tekur stjórn félagsins ekki afstöðu til staðsetningar Landhelgisgæslunnar en leggur áherslu á að ákvörðun um framtíðarstaðsetningu taki mið af öryggishlutverki stofnunarinnar.

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar vill hvetja sérstaklega til þess að við umræðu um mögulega framtíðarstaðsetningu Landhelgisgæslunnar verði sérstaklega tekið tillit til þeirra þátta er lúta að útkalls- og viðbragðstíma áhafna þeirra bjarga sem Landshelgisgæslan hefur yfir að ráða. Jafnframt að þeir þættir, að teknu tilliti til lögbundins hlutverks Landhelgisgæslunnar, verði hafðir að leiðarljósi við ákvörðun málsins.

Slysavarnafélagið Landsbjörg



Jón Svanberg Hjartarson
framkvæmdastjóri



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG